

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Stóru-Skógar, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 11. desember 2024, tillögu að breytingum á gildandi deiliskipulagi dags. 26. febrúar 2021 fyrir Stóru-Skóga. Í breytingunni felst að bætt verður við byggingarreit á lóð Stóru-Skóga L með aðkomu af Árbæjarvegi nr. 271, ásamt því að skipta Stóru-Skógum, L230849, upp í fjóra hluta með byggingarheimildum fyrir hverja og eina lóð. Jafnframt er gerð grein fyrir efnistöku úr E13 efnistökusvæði. Aðkoma er af Árbæjarvegi nr. 271. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 13. janúar 2025.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 27. janúar 2025